



Framkvæmdanefnd
um einkavæðingu

Ólafur Haraldsson, hdl.
Lex ehf, lögmannsstofa
Sundagarðar 2
104 Reykjavík

30. ágúst 2002

Vísað er til bréfs dags. í gær frá Þórunni Guðmundsdóttur, hrl. sem hún skrifar fyrir hönd Björgólfs Thors Björgólfssonar, Magnúsar Þorsteinssonar og Björgólfs Guðmundssonar. Í bréfinu er leitað svara við nokkrum atriðum er varða breytingar á eignum Landsbanka Íslands hf.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu var ekki kunnugt um umrædd viðskipti með hlutabréf í Vátryggingafélagi Íslands hf. (VÍS). Nefndinni var eins og öllum þeim er vildu vita ljóst að forsvarsmenn Landsbanka Íslands höfðu um nokkurt skeið haft áhuga á að selja hlutabréf bankans í VÍS og höfðu í því skyni búið þau til sölu á markaði. Það er hins vegar ekki hlutverk framkvæmdanefndar um einkavæðingu að hafa afskipti af einstökum ákvörðunum er varða stjórnun og rekstur Landsbanka Íslands. Ríkið er hluthafi í bankanum og hefur afskipti af málum félagsins með sama hætti og almennt tíðkast, þ.e. með þátttöku á hluthafafundum.

Sala hlutabréfa í VÍS sem fram fór í gær var ekki rædd á fundum nefndarinnar með þeim þremur aðilum sem viðræður standa yfir vegna sölu á hlutabréfum í Landsbanka Íslands. Nefndin telur ekki að trúnaður hafi verið brotinn af þeim sökum.

Mörg af þeim atriðum sem spurt er um í bréfinu snúa að því sem flokkast undir innherjaupplýsingar. Á þessu stigi söluferilsins eru slíkar upplýsingar ekki látnar af hendi. Bankastjóri Landsbankans fékk afrit af bréfinu og mun vera tilbúinn að svara efnislegum spurningum sem snúa að bankanum um leið og nefndin hefur valið einn viðræðuaðila.

Virðingarfyllst,

f.h.n.